

ÁKVÖRÐUN SAMEIGINLEGU EES-NEFNDARINNAR
nr. 118/2009

frá 22. október 2009

um breytingu á bókun 21 við EES-samninginn (um framkvæmd samkeppnis-
reglna sem gilda um fyrirtæki)

SAMEIGINLEGA EES-NEFNDIN HEFUR TEKIÐ NEÐANGREINDA ÁKVÖRÐUN

með vísan til samningsins um Evrópska efnahagssvæðið, með áorðnum breytingum samkvæmt bókun um breytingu á samningnum um Evrópska efnahagssvæðið, er nefnist „samningurinn“ í því sem hér fer á eftir, einkum ákvæða 98. gr.,

og að teknu tilliti til eftirfarandi:

- 1) Bókun 21 við samninginn var breytt með ákvörðun sameiginlegu EES-nefndarinnar nr. 132/2007 frá 26. október 2007 ⁽¹⁾.
- 2) Fella ber inn í samninginn reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (EB) nr. 622/2008 frá 30. júní 2008 um breytingu á reglugerð (EB) nr. 773/2004 að því er varðar sáttameðferð í málum sem tengjast einokunarhringum ⁽²⁾.

ÁKVÖRÐUNIN ER SVOHLJÓÐANDI:

1. gr.

Eftirfarandi undirliður bætist við í 4. lið (reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (EB) nr. 773/2004) í 1. mgr. 3. gr. bókunar 21 við samninginn:

„– **32008 R 0622**: Reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (EB) nr. 622/2008 frá 30. júní 2008 (Stjtið. ESB L 171, 1.7.2008, bls. 3).“

2. gr.

Íslenskur og norskur texti reglugerðar (EB) nr. 622/2004, sem verður birtur í *EES-viðbæti við Stjórnartíðindi Evrópusambandsins*, telst fullgiltur.

3. gr.

Ákvörðun þessi öðlast gildi 23. október 2009 að því tilskildu að allar tilkynningar samkvæmt 1. mgr. 103. gr. samningsins hafi borist sameiginlegu EES-nefndinni (*).

4. gr.

Ákvörðun þessi skal birt í EES-deild *Stjórnartíðinda Evrópusambandsins* og EES-viðbæti við þau.

⁽¹⁾ Stjtið. ESB L 100, 10.4.2008, bls. 1, og EES-viðbætur við Stjtið. ESB nr. 19, 10.4.2008, bls. 1.

⁽²⁾ Stjtið. ESB L 171, 1.7.2008, bls. 3.

(*) **Engin stjórnskipuleg** skilyrði gefin til kynna.

Gjört í Brussel 22. október 2009.

Fyrir hönd sameiginlegu EES-nefndarinnar
O.H. Sletnes
formaður.